

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2016, miðvikudaginn 23. nóvember kl. 9:10, var haldinn 171 fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Kerhólum. Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Gísli Garðarsson, Sverrir Bollason, Halldór Halldórsson, Hildur Sverrisdóttir og Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Stefán Finnsson, Gunnar Már Jakobsson og Marta Grettisdóttir.

Fundarritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

### Petta gerðist:

#### (A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 17.nóvember 2016.

2. **Aðalskipulag Reykjavíkur, Örfirisey, (01.1)** Mál nr. SN160879  
breyting á aðalskipulagi vegna hafnarsvæðis H1b

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. nóvember 2016, að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, vegna heimilda um veitingastaði á hafnarsvæði H1b í Örfirisey. Um er að ræða óverulega breytingu á aðalskipulagi, skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri aðalskipulags tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Vogabyggð, tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030** Mál nr. SN140317  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 23. júní 2016, að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna Vogabyggðar. Í tillögunni felast breyttar heimildir um fjölda íbúða, nánari skilgreining íbúðarbyggðar, skilgreining nýs svæðis fyrir samfélagsþjónustu, breytt lega stúga og breytingar varðandi forgangsroðun byggingarsvæða. Einnig er lagt fram bréf skipulagsstofnunar dags. 15. júlí 2016 þar sem koma fram ábendingar og bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 13. júlí 2016, vegna bókunar frá 67. fundi svæðisskipulagnefndar höfuðborgarsvæðisins. Tillagan var auglýst frá 19. ágúst til og með 30. september 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Snarfari, dags. 28. september 2016 og Íbúasamtök Laugardals, dags. 30. september 2016. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis og skipulagssviðs, dags. 15. nóvember 2016 ásamt lagfærðri tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. nóvember 2016.

Samþykkt með vísan til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 15. nóvember 2016, sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Sverrir Bollason vísar af fundi undir þessum lið.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri aðalskipulags tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Vogabyggð svæði 2**, tillaga að (01.45) Mál nr. SN140217  
deiliskipulagi, norðursvæði milli  
Tranavogar og Kleppsmýrarvegur  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga Teiknistofunnar Traðar, Felixx og Reykjavíkurborgar, dags. 10. júní 2016 uppfærð 22. nóvember 2016, að deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 2 fyrir svæðið sem afmarkast milli Tranavogar og að Kleppsmýrarveg. Í tillögunni felst endurskipulagning á svæði sem þjónað hefur hlutverki sínu sem iðnaðar- og athafnasvæði og að mæta aukinni þörf fyrir íbúðir og þjónustumiðaðan atvinnurekstur. Einnig er lagður fram skýringaruppdráttur, dags. 10. júní 2016 uppfærður 22. nóvember 2016, sneiðingar, dags. 10. júní 2016 uppfært 22. nóvember 2016, og 3D og skuggavarp, dags. 10. júní 2016 uppfært 22. nóvember 2016, almenn greinargerð og skilmálar fyrir innviði, dags. 10. júní 2016 og skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð, dags. 10. júní 2016. Jafnframt er lögð fram umhverfisskýrsla, dags. júní 2016, byggðakönnun, fornleifaskrá og húsakönnun, dags. 2016, minnisblað umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, um umferðarhermun, dags. 6. júní 2016 og úttekt á friðlýstum svæðum í Reykjavík, dags. ágúst 2013. Tillagan var auglýst frá 19. ágúst til og með 10. október 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sveinn Hannesson f.h. Gámakó hf., dags. 8. september 2016, Hermann Hermannsson f.h. Vogabyggðar ehf. og Hamla ehf., dags. 26. september 2016, Börkur Valdimarsson og María Jóhannsdóttir, dags. 28. september 2016, Magnús Þránínsson f.h. Miðhólma, dags. 29. september 2016, Árni Davíðsson f.h. stjórnar LHM, dags. 29. september 2016, Jörundur Jökulsson, dags. 30. september 2016, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, dags. 30. september og 11. október 2016, hverfisráð Laugardals, dags. 27. september 2016, Íbúasamtök Laugardals, dags. 30. september 2016 og Veitur ohf., dags. 7. október 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. nóvember 2016.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. nóvember 2016.

Vísað til borgarráðs.

Sverrir Bollason vísar af fundi undir þessum lið.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Breiðholtsbraut**, deiliskipulag, göngubrú (04.6) Mál nr. SN150224  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð er fram tillaga Landmótunar, dags. 27. september 2016, að deiliskipulagi opins svæðis milli Seljahverfis og Efra Breiðholts þar sem er lagt til að gerð verði göngubrú yfir Breiðholtsbraut ásamt viðeigandi göngu- og hjólatengingum um skipulagssvæðið. Göngubrú mun bæta til muna tengingu og umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfaranda á leið milli hverfanna. Einnig er lagt fram minnisblað Verkfræðistofunnar Eflu, dags. 23. nóvember 2015, varðandi úttekt um valkosti staðsetningar fyrir göngubrú, en til grundvallar lágu þrjár útfærslur á brú.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Jafnframt var samþykkt að senda tillöguna til umsagnar hjá Vegagerðinni, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Borgarsögusafni Reykjavíkur, Landssamtaka Hjólreiðamanna og Hverfisráðs Breiðholts

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Fiskislóð 31**, breyting á deiliskipulagi (01.089.1) Mál nr. SN160808  
680708-0290 Sjávarbakkinn ehf., Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík  
490216-0650 GP-arkitekt ehf., Litlubæjarvör 4, 225 Álftanes

Lögð fram umsókn GP-arkitekta ehf., mótt. 27. október 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar vegna lóðarinnar nr. 31 við Fiskislóð. Í breytingunni felst breytingu á hámarksnýtingarhlutfalli lóðar úr 0,6 í 1,0, samkvæmt uppdr. GP-arkitekta ehf., dags. 11. nóvember 2016.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Haukdælabraut 78-92**, breyting á (05.114.3) Mál nr. SN160648  
deiliskipulagi  
690404-3030 Pálmar ehf, Bleikjukvísl 12, 110 Reykjavík  
310551-3259 Jón Guðmundsson, Látraströnd 12, 170 Seltjarnarnes

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Jóns Guðmundssonar, mótt. 29. ágúst 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Reynisvatnsás vegna lóðarinnar nr. 78-92 við Haukdælabraut. Breytingin felst í því að byggingareitur til norðausturs er stækkaður um 1,2 m, afmörkun lóðarhluta til einkanota húsa nr. 86-92 færir til um 1 m til norðausturs, byggingarmagn miðað við A rými er aukið um 8 m<sup>2</sup> fyrir hvert hús og bætt er við byggingareit fyrir útbyggingar á suð-vesturgafli. Einnig er fyrirkomulagi bílastæða innan lóðar og í götu er breytt, samkvæmt uppdr. Jóns Guðmundssonar, dags. 23. ágúst 2016. Tillagan var grenndarkynnt frá 7. október til og með 4. nóvember 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jón Ingi Lárusson, dags. 1. nóvember 2016 og Kristín Sigurey Sigurðardóttir, dags. 4. nóvember 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2016.

Samþykkt sbr. a- lið 1. gr. í viðauka 1.1. í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2016.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Reykjavíkurflygvöllur flugvallargeiri** (01.6) Mál nr. SN160747  
4, breyting á deiliskipulagi  
550210-0370 Isavia ohf., Reykjavíkurflygvelli, 101 Reykjavík  
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn T.ark Arkitekta ehf., mótt. 30. september 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflygvallar. Í breytingunni felst stækkun á flughlaði við Flugskýli 4, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf., dags. 27. september 2016.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

9. **Reitur 1.174.0, Landsbankareitur**, Mál nr. SN160841  
breyting á skilmálum deiliskipulags  
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Rauðsvíkur, mótt. 8. nóvember 2016 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.174.0, Landsbankareits, vegna lóðanna nr. 92 við Hverfisgötu og 73 við Laugaveg. Í breytingunni felst að lagfærð er stærð

kjallara hússins í skilmálatöflu o.fl., samkvæmt uppdr. Tark. dags. 7. nóvember 2016.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. **Laugavegur 55**, breyting á deiliskipulagi (01.173.0) Mál nr. SN160871

Kynnt tillaga Gunnars Bergmanns Stefánssonar arkitekts, dags. 11. nóvember 2016, að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 55 við Laugaveg. Í breytingunni felst að núverandi byggingu er lyft upp um eina hæð, nýjum kvistum verði bætt við á þak núverandi byggingar, verslunarrými skal vera á jarðhæð undir núverandi byggingu, aðrir byggingarhlutar hýsi hótél og aðra starfsemi tengda hótélrekstri og hótéliðnaði, nýbygging verði byggð á aftari hluta lóðarinnar og verði að mestu leyti fimm hæðir og lækkar í fjórar hæðir við lóðarmörk sem snúa að Hverfisgötu o.fl. Einnig er lagt fram skuggavarp, dags. 3. nóvember 2016.

Kynnt.

**(B) Byggingarmál**

11. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa**, Mál nr. BN045423  
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 901 frá 22. nóvember 2016.

**(C) Fyrirspurnir**

12. **Vesturgata 30**, (fsp) niðurrif og uppbygging (01.131.2) Mál nr. SN160762  
590907-1030 GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður

Lögð fram fyrirspurn Grímu arkitekta ehf. f.h. Hafnarstræti 1 ehf., mótt. 13. október 2016, varðandi niðurrif og uppbyggingu á lóð nr. 30 við Vesturgötu sem felst m.a. í að rífa gamla skúra á reitnum, byggja ný hús í stað þeirra og þar með auka byggingarmagn og nýtingarhlutfall skv. uppdráttum, dags. 10. október 2016. Einnig lögð fram greinargerð hönnuða, dags. 13. október 2016, bréf eigenda, dags. 22. september 2016 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. nóvember 2016.

Umhverfis og skipulagsráð gerir ekki athugasemd við að umsækjandi láti vinna deiliskipulagsbreytingu í samræmi við fyrirspurnina með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. nóvember 2016.

Afgreiðsla þessi felur ekki í sér skuldbindingu af hálfu umhverfis og skipulagsráðs til að fallast á væntanlega tillögu að deiliskipulagi.

Margrét Þómar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

**(E) Umhverfis- og samgöngumál**

13. **Umhverfis- og skipulagssvið**, Mál nr. US160270  
Vetrarþjónustan 2016-2017

Kynnt áætlun umhverfis- og skipulagssviðs um vetrarþjónustu veturinn 2016 til 2017.

Kynnt.

Hjalti Guðmundsson skrifstofustjóri og Björn Ingvarsson deildarstjóri tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

Kl. 13:00 víkur Hildur Sverrisdóttir af fundi.

14. **Göngugötur á aðventunni,** Mál nr. US160263

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. nóvember 2016 þar sem lagt er til að hluti Laugavegs, Bankastrætis og Skólavörðustígs verði breytt í göngugötur á aðventunni.

Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. nóvember 2016 samþykkt

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna J. Guðmundsdóttir bóka:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina telja rétt að halda sig við lokun gatna með sama hætti árið 2016 og var á árinu 2015 en um það náðist sátt í fyrra. Miðborgin okkar lagði til að lokanir árið 2016 yrðu með sama hætti og árið 2015 og teljum við eðlilegt að hlusta á þær áherslur enda koma þær frá rekstraraðilum”.

Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnlaugsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. **Innleiðing hágæða almenningsamgangna,** drög að samkomulagi Mál nr. US160269

Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 14. nóvember 2016, ásamt drögum að samkomulagi um undirbúning að innleiðingu hágæða almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er lögð fram drög að tímalínu fyrir svæðisskipulagsbreytingu, dags. 14. nóvember 2016, gagnaöflun og greining, fjárhagsáætlun 2016 og til maíloka 2017 og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóri dags. 21. nóvember 2016.

Lagt fram.

**(D) Ýmis mál**

16. **Ferðir til og frá skóla/vinnu, útivistarsvæði og sumargötur 2016,** Mál nr. US160271  
kynnt skýrsla

Kynnt skýrsla Capacent Gallup varðandi niðurstöðu úr könnun Capacent sem gerð var 6-19 október 2016 um ferðir til og frá skóla/vinnu, útivistarsvæði og sumargötur 2016.

Jóna Karen Sverrisdóttir fulltrúi frá Gallup kynnir.

Gunnar Hersveinn Sigursteinsson sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

17. **Garðabær,** tillaga að aðalskipulagi Mál nr. SN160812  
Garðabæjar 2016-2030, forkynning  
570169-6109 Garðabær, Pósthólf 40, 212 Garðabær

Lagt fram bréf skipulagsstjóra Garðabæjar, dags. 26. október 2016, þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Einnig eru lögð fram drög að uppdr., dags. 7. október, greinargerð, dags. 1. október 2016 og umhverfisskýrsla, dags. 1. október 2016.

Jafnframt er lögð fram umsögn umhverfis og skipulagssviðs, deildarstjóra aðalskipulags dags. 17. nóvember 2016.  
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 17. nóvember 2016 samþykkt.  
Vísað til borgarráðs

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri aðalskipulags tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

18. **Hagamelur 34**, málskot (01.540.3) Mál nr. SN160677  
030379-4549 Kjartan Ingvarsson, Hagamelur 34, 107 Reykjavík

Lagt fram málskot Kjartans Ingvarssonar, mótt. 8. september 2016, vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 10. júní 2016 um að hækka þak hússins á lóð nr. 34 við Hagamel og byggja 2 kvisti til norðurs.  
Fyrri afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 10. júní 2016 staðfest.

Umhverfis og skipulagsráð bókar: „Umhverfis- og skipulagsráð staðfestir neikvæða afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 10. júní 2016 um útfærslu byggingaráforma. Ráðið tekur þó undir ýmsar ábendingar í málskotinu og leggur áherslu á að frekari úrvinnsla í umræddu máli fari fram í góðu samstarfi umhverfis- og skipulagssviðs og þess sem höfðar málskotið

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

19. **Norðlingabraut 6**, málskot (04.732.6) Mál nr. SN160856  
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lagt fram málskot Helga M. Hallgrímssonar, dags. 11. nóvember 2016, vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 21. október 2016 varðandi breytingu á notkun lóðarinnar nr. 6 við Norðlingabraut úr atvinnustarfsemi í íbúðir, samkvæmt frumtillögu Arkþings ehf., ódags  
Frestað.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

20. **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins**, göngubrú yfir Mál nr. US150249  
Miklubraut R15110171  
(USK2015110029)  
091071-4529 Hilmar Þorsteinn Hilmarsson, Grænahlíð 26, 105 Reykjavík  
030670-4429 Kristín Vala Erlendsdóttir, Stígahlíð 53, 105 Reykjavík  
060868-4769 Arna Kristín Einarsdóttir, Grænahlíð 26, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 18. nóvember 2015, vegna samþykktar borgarstjórnar frá 17. nóvember 2015, um að vísa eftirfarandi tillögu til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs: "Borgarstjórn samþykkir að gripið verði til aðgerða í því skyni að tryggja börnum og ungmennum örugga göngu- og hjólaleið yfir Miklubraut á kaflanum milli Lönguhlíðar og Krínglumýrarbrautar. Umhverfis- og skipulagssviði er falið að kanna tiltæka kosti varðandi uppsetningu göngubrúar á svæðinu og undirgöng hins vegar og meta æskilega staðsetningu slíkra mannvirkja með tilliti til gönguleiða og gönguflæðis barna og ungmenna yfir Miklubraut. Sviðinu er jafnframt falið að taka upp viðræður við Vegagerð ríkisins um þátttöku í verkefninu þar sem um er að ræða stofnbraut í þéttbýli." Einnig eru lagðar fram uppdráttur Landslags dags. 21. janúar 2016 og bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 31. október 2016.

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra dags. 31. október 2016 samþykkt.  
Vísað til borgarráðs.

21. **Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina**, breytt verklag vegna fegrunarviðurkenninga Reykjavíkurborgar - R16080091 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US160209

Lagður fram tölvupóstur skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. ágúst 2016, þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagsráðs á eftirfarandi tillögu borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina frá fundi borgarráðs 18. ágúst 2016: "Framsókn og flugvallarvinir leggja fram þá tillögu að verklag við tilnefningar á fegrunarviðurkenningu Reykjavíkurborgar verði gert opinbert og gegnsætt, þannig að auglýst verði opinberlega á vefmiðlum og prentmiðlum eftir tillögum og að samráð við öll hverfisráðin verði formleg. Með þessu viljum við færa valdið frá embættismönnum til borgarinnar sjálfra." Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2016 ásamt tillögu að breyttu verklagi.

Tillaga um breytt fyrirkomulag vegna fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar sem fram kemur í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. október 2016 samþykkt. Vísað til borgarráðs.

22. **Gunnarsbraut 30**, kæra 14/2015, (01.247.1) Mál nr. SN150110  
umsögn, úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 19. febrúar 2015 ásamt kæru þar sem kærð er synjun umsóknar um leyfi fyrir viðbyggingu, byggingu tvennra svala á suðvesturhlíð, breyta innra skipulagi og breyta í tvíbýlishús, fjölbýlishúsi á lóð nr. 30 við Gunnarsbraut. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 24. febrúar 2015. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 9. nóvember 2016. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda.

23. **Bárugata 30**, kæra 23/2016, umsögn, (01.135.2) Mál nr. SN160250  
afturköllun  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 26. febrúar 2016 ásamt kæru, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa um að veita leyfi fyrir byggingu hæðar ofaná einbýlishús á lóð nr. 30 við Bárugötu. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 10. ágúst 2016. Jafnframt er lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 1. nóvember 2016 vegna afturköllunar á kæru 23/2016.

Fleira gerðist ekki.

### Fundi slitið kl. 13:55

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir  
Gísli Garðarsson  
Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir

Sverrir Bollason  
Halldór Halldórsson

## Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2016, þriðjudaginn 22. nóvember kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 901. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erna Hrönn Geirsdóttir, Eva Geirsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Músson, Björn Kristleifsson, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir

### Þetta gerðist:

#### Nýjar/br. fasteignir

- 1. Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.  
BN051968  
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048688, m.a. eru þakhæðir G1 og G2 stækkaðar til vesturs og gluggasetningu þakhæða og inngöngum á 1. hæð breytt, inngöngum í T1, T2 og T3 er breytt og breytingar verða á innréttingu bílakjallara vegna steinhleðslu í íbúðar- og atvinnuhúsum á lóð nr. 2 við Austurbakka.  
Stækkun: 116,5 ferm., 402,4 rúmm.  
Gjald kr. 10.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
- 2. Bankastræti 14** (01.171.202) 101383 Mál nr.  
BN051954  
600804-2350 Fákafen ehf., Fákafeni 11, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja yfir svalir á 4. hæð til suðurs í fjöleignarhúsi á lóð nr. 14 við Bankastræti.  
Stækkun A-rými x ferm., x rúmm.  
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18.11.2011 við fsp BN0110410.  
Samþykki meðeigenda dags. 01.10.2016 fylgir erindi.  
Bréf arkitekts dags. 14.11.2016 fylgir erindi.  
Gjald kr. 10.100  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
- 3. Bjarkargata 6** (01.143.114) 100962 Mál nr.  
BN051807  
661005-1490 S8 ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja kjallaratröppur í innkeyrslu á norðurhlið á íbúðarhúsi á lóð nr. 6 við Bjarkagötu.  
Erindi BN051676 jafnframt dregið til baka.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. nóvember 2016 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2016.  
Gjald kr. 10.100  
Frestað.  
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2016.
- 4. Bleikjukvísl 18** (04.235.304) 110899 Mál nr.  
BN051697  
010873-2239 Tina Petersen, Bleikjukvísl 18, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja sólskála með bárumálmklæðningu á þaki, yfir byggða verönd og með arni á vesturhlið hússins á lóð nr. 18 við Bleikjukvísl.



Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. september 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. september 2016.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. nóvember 2016 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. nóvember 2016.

Stækkun er: 11,0 ferm., 39,1 rúmm.

Gjald kr. 10.100 + 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

5. **Borgartún 6** (01.220.002) 102778 Mál nr.  
BN050146

581008-0150 Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að fjölga eignum, þrem rýmum sem áður tilheyrðu séreign 0101 er breytt í séreignir, eignum fjölgar úr 7 í 10, í húsi á lóð nr. 6 við Borgartún.

Erindi fylgir samþykki eigenda, dags. 13.10. 2015, bréf arkitekts dags. 19.8. 2016, leyfi til að starfrækja veitingahús dags. 5.2. 2008, umsögn TR-Tækniráðgjöf dags. 13.10. 2016 og umsókn um stofnun fasteigna dags. 9.2. 2015.

Gjald kr. 9.823

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

6. **Bragagata 26A** (01.186.639) 102334 Mál nr.  
BN047670

180657-2319 Vilborg Halldórsdóttir, Bragagata 26a, 101 Reykjavík

100758-2299 Helgi Björnsson, Bragagata 26a, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja nýjar svalir á suðvesturgafli, koma fyrir þaksvölum og skjólgirðingu ofan á geymsluskúr og reisa skjólvegg á lóðamörkum við raðhús á lóðinni nr. 26A við Bragagötu.

Sjá erindi BN035456 sem samþykkt var 29. ágúst 2007. Meðfylgjandi er samþykki meðeiganda dags. 23. maí 2014 og samþykki nágranna á nr. 24 og 26 dags. 23. maí 2014.

Gjald kr 9.500

Frestað.

Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísað er til uppdráttar nr. 1 dags. 11. maí 2016.

7. **Brattagata 3A** (01.136.536) 100625 Mál nr.  
BN051903

470202-2890 Tórnthús ehf., Lynghaga 3, 107 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi geymslna í mhl. 02 við hús á lóð nr. 3a við Bröttugötu.

Sjá erindi BN043414.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

8. **Brautarholt 7** (01.242.004) 103029 Mál nr.  
BN051892  
540169-6249 Félagsstofnun stúdentanna, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049574, m.a. er skábraut í bílakjallara gerð brattari að hluta, tröppum og skábraut við aðalaðkomu og handriðum komið fyrir við austur- og vesturgöf v/aðlögunar að borgarlandi ásamt ýmsum minni háttar breytingum á innra skipulagi og útliti sem nánar er lýst í byggingarlýsingu á stúdentagarði á lóð nr. 7 við Brautarholt.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Eflu uppfærð í nóvember 2016 og greinargerð hönnuðar um breytingar dags. 15. nóvember 2016.  
Gjald kr. 10.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.  
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.  
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
9. **Fiskislóð 1** (01.089.501) 203587 Mál nr.  
BN051969  
411009-2110 DGV ehf., Höfðatúni 2, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka millipall, koma fyrir lyftu og rúllustiga sem tengir 1. hæð við millipall, færa aðalinngang, bæta við hurð úr nýju verslunarrými, gluggum á 2. hæð austurhlíð, breyta skyggni í svalir og koma fyrir flóttastiga frá þeim og flóttastiga frá norðvesturhlíð húss á lóð nr. 1 við Fiskislóð .  
Greinargerð hönnuðar dags. 15. nóvember 2016 fylgir með erindi.  
Stækkun millipalls: XX ferm.  
Gjald kr. 10.100  
Frestað.  
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
10. **Flugvöllur 106748** (01.66.-.99) 106748 Mál nr.  
BN051885  
660670-0259 Flugfélagið Erni ehf., Víðigrund 7, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir tíu sambyggðum skrifstofugámum, sem mynda mhl. 10 framan við Flugskýli 1 á lóðinni Flugvöllur 106748.  
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2016.  
Gjald kr. 10.100  
Frestað.  
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.  
Málinu vísad til umsagnar skipulagsfulltrúa.
11. **Fossaleyni 8** (02.467.201) 178762 Mál nr.  
BN051927  
510297-2109 Áltak ehf, Fossaleyni 8, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta eystri inn og útkeyrslu eins og sýnt er á teikningu af lóð nr. 8 við Fossaleyni.

Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2016.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

12. **Frakkastígur 26A** (01.182.317) 215204 Mál nr.  
BN050863

670614-0340 Taste ehf., Frakkastíg 26a, 101 Reykjavík

680815-0620 Live ehf., Bauganesi 22, 101 Reykjavík

Sótt er um byggingarleyfi að nýju, þar sem eldra leyfi BN048943 var felld úr gildi, til að stækka kvisti, stækka bíslag til norðurs, stækka glugga, einangra og klæða að utan með borðaklæðningu, breyta innra skipulagi og innréttu veitingahús í flokki II fyrir 48 gesti og 15 gesti á útisvæði í og við hús á lóð nr. 26A við Frakkastíg.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Frakkastígs 26 dags. 16. mars 2016, Frakkastígs 24 dags. 29. mars 2016 og Skólavörðustígs 45 dags. 30. mars 2016.

Jafnframt er erindi BN50406 dregið til baka.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. **Gnoðarvogur 44-46** (01.444.101) 105528 Mál nr.  
BN051965

551215-1210 ADHG ehf., Baldursgötu 30, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innréttu veitingarstað í flokki ??? í mhl. 02 í rými 0101 sem á að vera með sæti fyrir 15 gesti og einig vera með afgreiðslu úr bílalúgu á húsinu á lóð nr. 46 við Gnoðarvog.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

14. **Grensásvegur 12** (01.295.406) 103853 Mál nr.  
BN051880

480514-0680 Leiguafli slhf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að skilgreina sérnotafleti við hús á lóð nr. 12 við Grensásveg.

Erindi fylgir bréf með skýringum arkitekts dags. 3. nóvember 2016.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vantar samþykki meðlóðarhafa.

15. **Grensásvegur 16** (01.295.403) 103850 Mál nr.  
BN049072

471287-1729 Húsfélagið Grensásvegi 16, Grensásvegi 16, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum innri breytingum á 3. og 4. hæð í húsinu á lóð nr. 16 við Grensásveg.

Gjald kr. 9.823 + 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

**16. Grettisgata 9**  
BN051151

